

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2007

	1.jan.07 - 30.jún.07	1.júl.07 - 30.sep.07	1.jan.07 - 30.sep.07	1.jan.06 - 30.sep.06	1.jan.05 - 30.sep.05	1.jan.04 - 30.sep.04	1.jan.03 - 30.sep.03
Rekstrartekjur							
Rekstrartekjur fiskvinnslu	2.251.094.852	718.064.504	2.969.159.356	2.759.496.120	1.834.205.268	1.998.751.844	2.040.668.951
Rekstrartekjur útgæðar	1.517.160.730	377.107.654	1.894.268.384	1.737.898.413	1.504.368.953	1.424.121.704	1.423.773.826
Afli til eigin vinnslu	(932.855.379)	(217.611.413)	(1.150.466.792)	(918.962.330)	(672.140.354)	(712.521.484)	(785.251.715)
Vörusala	405.575.689	335.541.192	741.116.881	892.209.157	886.316.341	465.414.506	
Aðrar tekjur	84.163.255	18.185.160	102.348.415	13.554.322	14.080.329	10.445.935	7.281.725
	3.325.139.147	1.231.287.097	4.556.426.244	4.484.195.682	3.566.830.536	3.186.212.505	2.686.472.786
Rekstrargjöld							
Rekstrargjöld fiskvinnslu	1.927.399.681	494.878.059	2.422.277.740	2.076.050.677	1.518.359.036	1.533.551.270	1.688.703.500
Rekstrargjöld útgæðar	935.009.443	379.322.253	1.314.331.696	1.248.518.807	1.050.579.854	946.817.755	856.014.843
Afli til eigin vinnslu	(932.855.379)	(217.611.413)	(1.150.466.792)	(918.962.330)	(672.140.354)	(712.521.484)	(785.251.715)
Kostnaðarverð seldra vara	397.914.754	330.781.877	728.696.631	884.816.205	878.482.739	456.260.340	
Sameiginlegur kostnaður	35.475.640	19.461.516	54.937.156	47.304.569	84.952.994	83.252.777	84.997.591
	2.362.944.139	1.006.832.292	3.369.776.431	3.337.727.928	2.860.234.269	2.307.360.658	1.844.464.220
Hagnaður fyrir afskriftir	962.195.008	224.454.805	1.186.649.813	1.146.467.754	706.596.267	878.851.846	842.008.566
Afskriftir	(211.731.637)	(123.247.552)	(334.979.189)	(258.217.240)	(275.183.561)	(296.874.667)	(388.080.098)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	750.463.371	101.207.253	851.670.624	888.250.514	431.412.706	581.977.179	453.928.468
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)							
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	63.708.680	12.293.115	76.001.795	(143.790.326)	29.927.286		
Fjármunatekjur	746.500.083	(104.116.323)	642.383.760	163.361.681	5.278.998	38.801.518	26.012.249
Fjármagnsgjöld	(216.006.064)	(56.172.760)	(272.178.824)	(799.795.350)	112.411.016	(90.779.717)	(263.523.548)
	594.202.699	(147.995.968)	446.206.731	(780.223.995)	147.617.300	(51.978.199)	(237.511.298)
Hagnaður fyrir skatta	1.344.666.070	(46.788.715)	1.297.877.355	108.026.519	579.030.006	529.998.980	216.417.170
Reiknaðir skattar	(228.758.000)	10.637.000	(218.121.000)	(45.332.432)	(98.822.457)		
Hagnaður	1.115.908.070	(36.151.715)	1.079.756.355	62.694.087	480.207.549	529.998.980	216.417.170
Sjóðstreymi							
Veltufé frá rekstri	564.003.177	257.419.545	821.422.722	1.115.813.676	707.832.756	725.281.523	588.486.850
Handbært fé frá rekstri	686.122.190	(506.678)	685.615.512	1.014.381.766	612.528.592	423.229.743	570.603.814
Fjárfestingarhreyfingar sjóðstreymis nettó	(36.683.498)	3.575.386	(33.108.112)	262.426.829	(985.056.954)	(232.657.370)	(504.556.612)
Efnahagur			30.sep.07	30.sep.06	30.sep.05	30.sep.04	30.sep.03
Fastafrjármunir			6.779.244.779	6.888.127.000	7.078.949.542	6.503.626.431	5.291.904.648
Veltufrjármunir			2.484.825.726	1.978.109.000	1.249.930.566	1.403.561.321	1.996.609.713
Eignir alls			9.264.070.505	8.866.237.000	8.328.880.109	7.907.187.752	7.288.514.361
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé í árslok			3.064.142.270	2.291.280.000	2.314.626.252	2.040.559.120	1.889.319.779
Tekjaskattskuldbinding			349.770.471	322.511.000	198.429.802		
Langtímaskuldir			4.469.727.639	5.442.033.000	4.662.422.549	4.658.180.841	4.024.426.074
Skammtímaskuldir			1.380.430.125	810.411.000	1.153.401.505	1.208.447.791	1.374.768.508
Skuldir og skuldbindingar alls			6.199.928.235	6.574.956.000	6.014.253.856	5.866.628.632	5.399.194.582
Skuldir og eigið fé alls			9.264.070.505	8.866.237.000	8.328.880.109	7.907.187.752	7.288.514.361
Kennitalur							
Framlegð			26,0%	25,6%	19,8%	27,6%	31,3%
Innra virði			2,04	1,52	1,55	1,30	1,21
Veltufjárhlutfall			1,80	2,44	1,08	1,16	1,45
Eiginfjárhlutfall			33,1%	25,8%	27,8%	25,8%	25,9%
Arðsemi eigin fjár			53,8%	5,5%	26,5%	34,8%	15,0%
Afkomu á hverja krónu nafnverðs			0,72	0,04	0,32	0,34	0,14
Nafnverð hlutfjár			1.565.000.000	1.565.000.000	1.565.000.000	1.565.000.000	1.565.000.000
Útistandandi hlutfé			1.504.204.857	1.504.204.857	1.495.915.481	1.565.000.000	1.565.000.000

2. nóvember 2007

Til OMX
Frá stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

**Afkoma Vinnslustöðvarinnar hf.
rekstrartímabilið 1. janúar 2007 - 30. september 2007**

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. samþykkti í dag uppgjör félagsins fyrir fyrstu níu mánuði rekstrarársins. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

- Hagnaður var á rekstrinum á tímabilinu að upphæð 1.080 milljónir króna. Er það mikil breyting frá í fyrra þegar hagnaður fyrstu níu mánuði ársins nam 63 milljónum króna.
- Heildartekjur félagsins voru 4.556 milljónir króna, örlitlu minna en á sama tímabili í fyrra. Tekjur fiskvinnslu jukust um 7,6% á meðan tekjur útgerðar jukust um tæplega 9,0%. Rekstrargjöld hækkuðu um liðlega 12,4%.
- Framlegð félagsins (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) nam 1.187 milljónum króna og jókst um 3,5% frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall hækkaði úr 25,6% í fyrra í 26,0% í ár.
- Veltufé frá rekstri nam 821 milljón króna og var 18% af rekstrartekjum. Það dróst saman um 26% frá sama tímabili í fyrra.
- Afskriftir hækkuðu um 77 milljón króna frá fyrra ári og voru tæplega 335 milljónir króna.
- Tekjur Hugins ehf., hlutdeildarfélags Vinnslustöðvarinnar, voru 659 milljónir króna en 352 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Framlegð félagsins á tímabilinu var 168 milljónir króna. Hagnaður félagsins eftir skatta nam 150 milljónum króna en gengishagnaður félagsins nam 120 milljónum króna. Tap félagsins var 299 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í hagnaði Hugins ehf. nam 72 milljónum króna.
- Tekjur About Fish ehf., hlutdeildarfélags Vinnslustöðvarinnar, voru 1.009 milljónir króna og framlegð þess tæplega 7 milljónir króna. Hagnaður félagsins eftir skatta nam 9 milljónum króna og var hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í þeim hagnaði tæplega 4 milljónir króna.
- Niðurstaða fjármagnsliða félagsins var jákvæð um 370 milljón króna á fyrstu níu mánuðum 2007, þar af nam gengishagnaður langtímalána félagsins 539 milljónum króna. Á sama tímabili í fyrra voru fjármagnsliðir neikvæðir um 636 milljónir króna.
- Reiknaður tekjuskattur á tímabilinu var 218 milljónir króna.
- Félagið hefur hafið vinnu við rannsóknir á veiðum og atferli humars með það að markmiði að auka arðsemi við nýtingu hans. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands með styrk úr AVS-sjóðnum. Því er ætlað að varpa ljósi á áhrif veiða á búsvæði humars og atferli hans. Fleiri rannsóknaverkefni eru fyrirhuguð, aðallega varðandi humar og þorsk. Enn sem komið er hefur lítil kostnaður fallið til vegna rannsóknaverkefnanna.
- Ný frystigeymsla félagsins verður tekin í notkun fyrir loðnuvertíð, en áætlað er að framkvæmdum ljúki í janúar 2008. Framkvæmdir eru komnar vel á veg: grunnur hefur verið lagður og byrjað verður að reisa húsið á næstu dögum.

Heildarskuldir og skuldbindingar félagsins lækkuðu um 562 milljónir króna frá upphafi árs til septemberloka og eru 6.200 milljónir króna. Nettóskuldir eru 3.714 milljónir króna en þær voru 4.558 milljónir króna í lok síðasta árs; minnkuðu því um 844 milljónir króna.

Eigið fé jókst frá áramótum um 628 milljónir króna og er 3.064 milljónir króna eða 33,1% af heildareignum. Aukning eigin fjárs á tímabilinu stafar af hagnaði ársins að upphæð 1.079 milljónir króna en lækkun kom hins vegar á móti að upphæð 451 milljón króna vegna útgreiðslu arðs.

Reikningsskilaaðferðir

Í fréttatilkynningu með uppgjöri 1. ársfjórðungs kom fram að 2007 væri fyrsta árið sem félagið færir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Uppþökudagur

reikningsskilastaðlanna miðast við 1. janúar 2006 og hafa því reikningsskil fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2006 verið færð samkvæmt stöðlunum til samanburðar.

Helstu áhrif IFRS á niðurstöðu reikningsskila tímabilsins 1. janúar – 30. september 2006 eru eftirfarandi (í þús. kr.):

- Framlegð var 1.177.182 kr. en verður 1.146.468 kr.
- Afkoma var 87.047 kr. en verður 62.694 kr.
- Reiknaður tekjuskattur var (50.678) kr. en verður (45.332) kr.
- Heildareignir voru 8.448.559 kr. en verða 8.866.237 kr.
- Eigið fé var 1.948.784 kr. en verður 2.291.280 kr.
- Tekjuskattsskuldbinding var 247.329 kr. en verður 322.511 kr.
- Veltufé frá rekstri var 1.145.512 kr. en verður 1.115.814 kr.

Helstu áhrif IFRS á niðurstöðu efnahagsreiknings í árslok 2006 eru eftirfarandi (í þús. kr.):

- Heildareignir voru 8.904.005 kr. en verða 9.197.891 kr.
- Eigið fé var 2.196.389 kr. en verður 2.435.647 kr.
- Tekjuskattsskuldbinding var 292.306 kr. en verður 346.933 kr.
- Heildarskuldir voru 6.707.616 kr. en verða 6.762.243 kr.

36 milljóna króna tap á þriðja ársfjórðungi

Á þriðja ársfjórðungi, þ.e. frá 1. júlí til 30. september 2007, voru tekjur Vinnslustöðvarinnar 1.231 milljónir króna og rekstrargjöld 1.007 milljónir króna. Framlegð tímabilsins var því 224 milljónir króna eða 18% af tekjum. Hlutdeild félagsins í hagnaði hlutdeildarféлага nam 12 milljónum króna. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 160 milljónir króna og er það aðallega vegna veikari krónu á tímabilinu. Tap tímabilsins var því 36 milljónir króna. Á sama tímabili í fyrra var framlegð 326 milljónir króna og hagnaður af rekstri 556 milljónir króna.

Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrartímabili

Sem kunnugt er hefur stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. óskað eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr Kauphöll Íslands. Stjórnin hefur nú boðað til hluthafafundar 8. nóvember n.k. þar sem fjallað verður um afskráningu félagsins.

Rekstrarhorfur á árinu

Rekstrarhorfur félagsins til skemmri og lengri tíma hafa versnað. Sterk króna hefur veruleg áhrif til skemmri tíma og niðurskurður á aflamarki í þorski hafa veruleg áhrif þegar til lengri tíma er litið.

Frekari upplýsingar:
Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri
í sínum 488 8004 og 897 9607